



## 14. stjórnarfundur LH

### 24. júlí kl. 15:00 Íþróttamiðstöðinni, Laugardal

**Mættir:** Lárus Ástmar Hannesson formaður, Jóna Dís Bragadóttir varaformaður, Helga B. Helgadóttir ritari, Ólafur Þórisson úr aðalstjórn. S. Rúnar Bragason, Sóley Margeirsdóttir, Magnús Benediktsson úr varastjórn.

**Fjarverandi:** Andrea Þorvaldsdóttir, Eyþór Gíslason og Haukur Baldvinsson úr aðalstjórn og Ingimar Ingimarsson og Stefán G. Ármannsson úr varastjórn.

#### 1. Samþykktir fyrri fundargerða – frestað

#### 2. Formannafundur

Samþykkt var að halda formannafund 27. október í Íþróttamiðstöðinni Laugardal. Ákveðið var að boða formenn, gjaldkera og framkvæmdastjóra hestamannafélaganna.

#### 3. Landsliðið og HM

JDB sagði landsliðsundirbúning ganga vel. Stjórn óánægð með skort á umfjöllun fjölmiðla, það vanti fjölmiðlaumfjöllun í almennum fréttum frá stóru miðlunum eins og RÚV og Stöð 2. Þörf á fjölmiðlafulltrúa kom upp í umræðunum. Einnig voru umræður um hvort þörf sé á Youth leader fyrir landsliðshópinn, en æskulýðsnefnd hefur ítrekað bent á það. Fundarmenn sammála að útnefna skuli einn af fararstjórum liðsins sem tengilið fyrir ungmennin. LÁH mun fylgja því eftir.

#### 4. Skeiðmet

Tekin var til afgreiðslu metumsókn í 100 metra fljúgandi skeiði á Gæðingamóti Fáks í Víðidal, 27. maí 2017. Knapi Konráð Valur Sveinsson á Kjarki frá Árbæjarháleigu á tímanum 7,17 sekúndur. Meirihluti stjórnar LH hafnar metumsókninni þar sem eftirtaldir annmarkar voru á framkvæmdinni. Vindmælir var ekki notaður til vindmælinga. Mælingar á brautinni til staðfestingar á lengd og hæð var tekin 4 dögum eftir að hlaup átti sér stað, af löggiltum mælingamanni, Ekki var hægt að staðfesta tíma með álestri úr tölvu þar sem búið var að taka tímatökubúnaðinn niður. Áður hafði keppnisnefnd, sem er ráðgefandi fyrir stjórn, talið rétt að hafna metumsókninni en laganefnd, sem tók málið til skoðunar að beðni stjórnar, taldi stjórn ekki geta annað en samþykkt metið þar sem ekki er tekið fram í reglum að vindmælir skuli vera við braut og brautin var ekki mæld af löggiltum mælingamanni strax að hlaupi loknu.



Meðfylgjandi fundargerðinni eru álit laganefndar og keppnisnefndar sem stjórn óskaði eftir; fylgiskjal 1 og fylgiskjal 2, auk sérálits frá nefndarmanni keppnisnefndar í fylgiskjali 3.

Tekin var til afgreiðslu metumsókn í 100 metra fljúgandi skeiði. Mótið fór fram á Íslandsmóti á Gaddstaðflötum við Hellu, mótssvæði Geysis þann 9. júlí 2017. Knapinn var Guðmundur Björgvinsson á hestinum Glúmi frá Þóroddsstöðum. Tíminn mældist 7,08 sekúndur. Stjórn LH samþykkir metumsóknina. Áður hafði keppnisnefnd, sem er ráðgefandi fyrir stjórn, einnig samþykkt metumsóknina. Stjórn Landssamband hestamannafélaga óskar Guðmundi Björgvinssyni til hamingju með Íslandsmetið

Upp komu umræður um tékklista fyrir kappreiðar og nauðsyn þess að hafa reglur á metaumsóknum skýrari.

## 5. Reiðvegaráðstefna

Fyrirhugað er að halda reiðvegaráðstefnu 14. október í framhaldsskólanum í Borganesi. JDB verður ráðstefnustjóri. Formlegt beðni þarf að berast til Vegagerðarinnar um að reiðvegahandbókin skuli uppfærð (skrifstofa).

## 6. Önnur mál

### a. Youth camp í Belgíu

Þemað var hestar og hestvagnar. 5 stúlkur frá Íslandi tóku þátt, SM var farastjóri. Mikil ánægja var meðal þátttakenda og framkvæmdin gekk vel.

### b. Samningur við HR

Ítrekað var að kalla eftir samningi frá Hafrúnu Kristjánsdóttir og Vilfríði Fannberg Sæþórsdóttur varðandi meistaraverkefni Vilfríðar í HR (skrifstofa).

### c. Þjálfarastig ÍSÍ og LH

Spurt var um stöðu þjálfarastigs hjá Hólum og bent var að á það væri statt hjá ÍSÍ

### d. Felix félagskráningarkerfi ÍSÍ

Stjórnarmenn eru verulega ósáttir við Felix. LÁH hefur haft samband við ÍSÍ. Kanna þarf hvar málið stendur nú. (Skrifstofa)



e. **Samút**

LH átti fulltrúa í SAMÚT. LÁH mun kanna hvort hann sé enn starfandi og skipar þá stjórn nýjan ef svo er ekki.

f. **Valnefnd**

Búið er að tilnefna fulltrúa LH í valnefnd.

**Kærufrestur í keppni**

Fyrirspurn var um reglur varðandi kærufrest knapa í kappreiðum og það rætt.

**Kostnaður við samþykktir meta**

ÓP spurði hver bæri kostnað af samþykktum meta í skeiði. Stjórn samþykkti að bera kostnað allt að 100.000kr.

**LH-TV**

Stjórn kallar eftir minniblaði frá Hjörnýju Snorradóttur

**7. Uppskeruhátíð**

Stjórn fór á Hilton Hótel í kynningu á aðstöðu hótelsins til að halda þarf uppskeruhátíð hestamanna.

*Ekki fleira tekið fyrir. Fundi slitið um 17:30.*

*Fundargerð ritaði Hjörný Snorradóttir*